

Reglur byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Um úthlutun úr búnaðarsjóði, samkvæmt reglugerð 1064/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

1. gr.

Hlutverk

Framlög úr búnaðarsjóði eru vegna:

- a) Stofnkostnaðar og endurnýjunar vegna húsbúnaðar og sérþæks búnaðar í sameiginlegu rými og starfsmannaaðstöðu í búsetu skv. 12. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/ 2010.
- b) Stofnkostnaðar og endurnýjunar húsbúnaðar og sérþæks búnaðar á þjónustustofnunum skv. 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum. (Íðja og skammtímvistun).

2. gr.

Tekjur

Árleg upphæð til ráðstöfunar er samkvæmt fjárhagsáætlun byggðasamlagsins ár hvert.

3. gr.

Fyrirkomulag umsókna

Skrifleg umsókn frá þjónustusvæði, félagsmálastjóra eða forstöðumanni rekstrareininga í umboði hans, berist til verkefnisstjóra byggðasamlagsins sem leggur hana fram til afgreiðslu í þjónustuhópi. Í umsókninni komi fram sundurliðun tækjabúnaðar, kostnaðaráætlun og rökstuðningur.

4. gr.

Umfjöllun og afgreiðsla umsókna

- a) Þjónustuhópur málefna fatlaðra fjallar um og afgreiðir umsóknir.
- b) Verkefnisstjóri málefna fatlaðra tilkynnir umsækjanda afgreiðslu.
- c) Verkefnisstjóri hefur heimild til afgreiðslu umsókna milli funda þjónustuhóps við sérstakar aðstæður.
- d) Umsækjandi verslar á reikning sveitarfélags/þjónustusvæðis.
- e) Sveitarfélag/þjónustusvæði sendir beiðni um endurgreiðslu ásamt afriti af reikningi til verkefnisstjóra málefna fatlaðra.
- f) Byggðasamlagið endurgreiðir sveitarfélögum/þjónustusvæði.

5. gr.

Endurskoðun reglna

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Jóh

6. gr.
Gildistaka

Reglur þessar, sem samþykktar voru í stjórn byggðasamlagsins þann 4. desember 2012, öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 11. janúar 2013.

Jón Óskar Pétursson,
framkvæmdastjóri SSNV
